

Alþingi - Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2020
UST202011-205/H.G.
04.03

Umsögn um frumvarp til laga um fiskeldi (vannýttur lífmassi í fiskeldi), 265. mál.

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis dags. 18. nóvember 2020 þar sem Atvinnuveganefnd sendi Umhverfisstofnun frumvarp til laga um fiskeldi (vannýttur lífmassi í fiskeldi), 265. mál til umsagnar.

Umhverfisstofnun bendir á að í frumvarpinu er einungis vísað til rekstrarleyfa fiskeldis en ekki minnst á starfsleyfi starfseminnar. Stofnunin tekur fram að svo fiskeldi geti verið starfrækt þarf það að hafa rekstrarleyfi frá Matvælastofnun skv. lögum nr. 71/2009 um fiskeldi og starfsleyfi frá Umhverfisstofnun skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lífmassi sem starfsemin hefur leyfi fyrir er tekin fram í báðum leyfum.

Stofnunin leggur til eftirfarandi breytingu á 3. málsli. 3. mgr. 4. gr. a. laganna, svohljóðandi:

*„Ekki kemur til útgáfu eða breytinga á **leyfum** fiskeldis til hækkunar á lífmassa, á kostnað þess sem kemur til úthlutunar samkvæmt þessari grein.“*

Umhverfisstofnun bendir á að ef greinin nær ekki til starfsleyfa samhliða rekstrarleyfa þá nýtist þessi úthlutun fyrirtækjum ekki án þess að þau fari í frávik frá starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Stofnunin bendir einnig á að umfang lífmassa sem heimilt er að nýta skv. leyfum fiskeldis (rekstrar- og starfsleyfum) þarf að vera í samræmi við það umfang sem hefur hlotið málsmeðferð skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur brýnt að í umræddum lögum um vannýttan lífmassa í fiskeldi komi fram að ekki sé hægt að nýta vannýttan lífmassa nema umhverfisáhrif þess lífmassa hafi verið metin og að ákvörðun eða álit Skipulagsstofnunar fyrir því umfangi liggi fyrir. Væri þetta til að tryggja að ekki sé hægt að auka umfang eldis án þess að það magn hafi verið metið m.t.t. lífræns álags á umhverfið, samlegðaráhrif við aðra starfsemi, sjúkdóma og sleppingar (tvennt síðastnefnda er á verksviði Matvælastofnunar og heyrir undir rekstrarleyfi).

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund atvinnuveganefndar Alþingis og fara nánar yfir efni umsagnarinnar. Umhverfisstofnun óskar eftir því að vera boðið á fund nefndarinnar ef eitthvað breytist í meðförum nefndarinnar.

Virðingarfyllst

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur